

Nasdaq birtir upplýsingar um heildarveðsetningu á íslenska hlutabréfamarkaðnum

Reykjavík, 13. júlí, 2017 – Nasdaq (NASDAQ:NDAQ) tilkynnir að frá og með deginum í dag mun Nasdaq Iceland („Kauphöllin“), í samstarfi við Nasdaq verðbréfamistöð, birta opinberlega upplýsingar um heildarveðsetningu íslenska hlutabréfamarkaðarins. Upplýsingarnar verða birtar mánaðarlega með markaðstilkynningu Nánar tiltekið er um að ræða upplýsingar um meðalveðsetningu allra félaga á hlutabréfamörkuðum Kauphallarinnar, reiknað út frá hlutfallslegu vægi hvers og eins félags. Byggt er á gögnum um veðsettar eignir í kerfum Nasdaq verðbréfamistöðvar. Gögnin innihalda upplýsingar um hluti sem teknir hafa verið til viðskipta á Aðalmarkaði og First North Iceland.

Upplýsingar um veðsetningu geta veitt ákveðnar vísbendingar um umfang skuldsetningar á hlutabréfamarkaði, þ.e. hversu mikið fjárfestar hafa fengið að láni til að kaupa í skráðum félögum. Hækkandi skuldsetning getur verið til marks um aukna bjartsýni á meðal fjárfesta og kann hófleg skuldsetning því að vera túlkuð sem jákvæður fyrirboði. Of mikil skuldsetning getur aftur á móti verið litin neikvæðum augum af margvíslegum ástæðum. Til að mynda hafa margir talið að aukin skuldsetning geti orsakað hækkun eignaverðs umfram raunvirði til skemmri tíma lítið (bólumyndun á markaði). Að sama skapi getur mikil skuldsetning gert það að verkum að áhrif neikvæðra atburða á hlutabréfaverð verði harkalegri en ella.

„Með birtingu upplýsinga um veðsetningu á íslenska hlutabréfamarkaðnum er stigið enn eitt skrefið í átt að auknu gagnsæi á markaði, sem er einn af hornsteinum hans.“ segir Baldur Thorlacius, forstöðumaður eftirlitssviðs Nasdaq Iceland. „Þann 1. júlí tók einnig gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um skortsölu, sem felur í sér að nokkuð ítarlegar upplýsingar verða birtar opinberlega um skortstöður niður á einstaka hlutabréf. Með birtingu upplýsinga annars vegar um veðsetningu hlutabréfamarkaðarins og hins vegar um skortstöður er veitt betri innsýn inn í þau öfl sem geta mögulega haft áhrif á framboð og eftirspurn eftir hlutabréfum. Það geta vonandi flestir verið sammála að um sé að ræða gagnlega viðbót við þá flóru upplýsinga sem fjárfestar höfðu áður aðgang að.“

Gögn Nasdaq verðbréfamistöðvar sýna einungis beina veðsetningu þar sem veð í verðbréfi hefur verið skráð á reikning í kerfi Nasdaq verðbréfamistöðvar og nýtur þannig réttarverndar skv. ákvæðum laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Gögnin taka því hvorki tillit til þess að lánveitandi gæti haft veð í öllum eignum lántakanda, þar á meðal hlutabréfum, né innihalda þau upplýsingar um óbeinar veðtökur með gerð framvirkra samninga eða annarra afleiðna. Loks er rétt að taka fram að gögnin veita engar vísbendingar um veðþekju.

Upplýsingar um heildarveðsetningu markaðarins má finna í viðhengi og í markaðstilkynningu á eftirfarandi síðu: <http://www.nasdaqomxnordic.com/frettir/markadstilkynningar/iceland>

Upplýsingar um skortsölureglugerðina fá finna á vef Fjármálaeftirlitsins: <https://www.fme.is/eftirlitsstarfsemi/skortsolureglugerdin/>

#

Um Nasdaq

Nasdaq (Nasdaq:NDAQ) er leiðandi á alþjóðavísu í þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, kauphallartækni, eftirlits, skráninga, upplýsingaþjónustu og þjónustu við skráð fyrirtæki í sex heimsálfum. Nasdaq gerir viðskiptavinum sínum kleift að skipuleggja, hagræða og framkvæma framtíðarsýn sína í viðskiptum af öryggi, með margreyndri tækni sem veitir gagnsæi og innsýn í nútíma alþjóðlega fjármálamarkaði. Nasdaq er frumkvöðull í rafrænum kauphallarviðskiptum, en tækni þess er notuð á yfir 90 mörkuðum í 50 löndum og knýr um það bil ein af hverjum 10 viðskiptum í heiminum. Nasdaq er heimili meira en 3.800 skráðra fyrirtækja að markaðsvirði yfir 11 billjón Bandaríkjadala. Fyrir meiri upplýsingar, heimsæktu <http://business.nasdaq.com/>

Fyrirvari vegna staðhæfinga um framtíðarhorfur

Þau mál sem hér er skýrt frá taka til staðhæfinga um framtíðarhorfur sem gerðar eru samkvæmt svonefndum Safe Harbor ákvæðum í bandarískum verðbréfalögum frá 1995 (Private Securities Litigation Reform Act of 1995). Þessar staðhæfingar taka meðal annars til en takmarkast þó ekki við staðhæfingar um afurðir og þjónustu Nasdaq. Við minnum á að þessar staðhæfingar eru ekki trygging fyrir framtíðarafkomu. Raunveruleg niðurstaða kann að vera allt önnur en sú sem fram kemur berum orðum eða með öðrum hætti í staðhæfingum um framtíðarhorfur. Í staðhæfingum um framtíðarhorfur eru ýmsir áhættu- og óvissuþættir eða aðrir þættir sem Nasdaq hefur ekki stjórn á. Þessir þættir byggjast á en takmarkast þó ekki við þætti sem gerð er grein fyrir í ársskýrslu Nasdaq á svonefndu Form 10-K og árshlutaskýrslum sem sendar eru til bandaríska verðbréfaeftirlitsins. Við tökumst ekki á hendur neinar skuldbindingar um að endurskoða að neinu leyti staðhæfingar um framtíðarhorfur.

Nasdaq Copenhagen, Nasdaq Helsinki, Nasdaq Iceland, Nasdaq Riga, Nasdaq Stockholm, Nasdaq Tallinn, Nasdaq Vilnius, Nasdaq Clearing and Nasdaq Broker Services are respectively brand names for the regulated markets of Nasdaq Copenhagen A/S, Nasdaq Helsinki Ltd., Nasdaq Iceland hf., Nasdaq Riga, AS, Nasdaq Stockholm AB, Nasdaq Tallinn AS, AB Nasdaq Vilnius, Nasdaq Clearing AB and Nasdaq Broker Services AB. Nasdaq Nordic represents the common offering by Nasdaq Copenhagen, Nasdaq Helsinki, Nasdaq Iceland and Nasdaq Stockholm. Nasdaq Baltic represents the common offering by Nasdaq Tallinn, Nasdaq Riga and Nasdaq Vilnius.

FJÖLMIÐLASAMSKIPTI

- + Kristín Jóhannsdóttir
- + 868 9836
- + kristin.johannsdottir@nasdaq.com